
2009 nr. 151 29. desember

**Lög um tímabundna breytingu á heimild-
arlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna
á árunum 2010, 2011 og 2012 o.fl.**

Tóku gildi 1. janúar 2010.

**I. kafli. Lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórn-
ar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um ál-
bræðslu við Straumsvík.**

■ **1. gr.** Með lögum þessum staðfestist samningur milli rík-
isstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd., dags.

7. desember 2009, um viðauka við aðalsamning milli sömu
aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum
dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember
1984, 11. nóvember 1985, 16. nóvember 1995 og 5. mars
2007), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í
lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður
sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.¹⁾

□ Ákvæði viðaukasamnings þess sem um ræðir í 1. mgr.
skulu hafa lagagildi hér á landi.

¹⁾ Um samningstextann vísast í Sjtið. A 151/2009.

■ **2.–4. gr.** . . .

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.